

| | |
|------------------|-------|
| Umhverfisstofnun | |
| Áb. | _____ |
| 31. maí 2016 | |
| _____ | |
| Tilv. | _____ |

Kratús ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes



Reykjavík 25. maí 2016
UST201604-041/E.D.K.
08.07.02

Áætlun vegna tveggja frávik er nú samþykkt


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 12. apríl 2016, þar sem fjallað var um fimm frávik rekstraraðila. Í bréfinu voru úrbætur vegna eins fráviks staðfestar. Einnig var áður veittur frestur til 2. maí 2016 vegna fráviks sem varðar vöktun og jarðvegsmælingar var staðfestur og telst því frávikinu nú lokið. Hin þrjú frávikin voru útistandandi þegar áður nefnt bréf var sent og var áformað var að áminna rekstraraðila vegna þeirra. Þann 24. apríl sl. barst svarbréf frá rekstraraðila.

Þau þrjú frávik sem standa eftir eru:


- Frávik frá gr. 1.1. Rekstraraðili hefur hafið vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni. Slíkur ferill er ekki skilgreindur í núgildandi starfsleyfi.**
Þetta frávik er enn útistandandi. Kratus hefur sótt um breytingu á starfsleyfi og er sú beiðni í vinnslu hjá umsagna- og leyfisteymi Umhverfisstofnunar.
- Frávik frá gr. 1.1. Starfsleyfi er gefið út á lóðina Klafastaðaveg 4. Hráefni og úrgangur rúmast ekki innan þeirrar lóðar og er því geymdur að hluta til á nærliggjandi lóðum.**
Í svari rekstraraðila kemur fram að búið sé að steypa sökkla undir um helming af fyrirhugaðri stækkun húsnæðis rekstraraðila. Reiknað sé með að húsið verði tilbúið í haust og það muni rúma allt hráefni innandyra. Stefnt er að því að allt hráefni verði komið inn í hús fyrir lok árs. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og veitir Kratusi ehf. frest til 31. desember 2016 til að færa allt hráefni inn fyrir lóðarmörkin.
- Frávik frá gr. 2.3 og 2.10. Lóðin er óafgirt og ekki með bundnu slitlagi en samkvæmt starfsleyfi skal tryggt að enginn efnaleki verði í jarðveg. Þá eru ekki olíuskiljur á þeim stöðum þar sem það á við. Fyrri áform rekstraraðila um viðbyggingu á vinnslusal og frágang lóðar í kjölfarið gerðu ráð fyrir að framkvæmdir hefðust í byrjun árs 2014 en þeim hefur seinkað og eru nú á byrjunarstigi.**
Umhverfisstofnun bærust upplýsingar vegna þessa fráviks í tölvupósti 8. apríl sl. og hefði því ekki þurft að áforma áminningu vegna þessa fráviks og biðst Umhverfisstofnun afsökunar á að upplýsingar úr umræddum tölvupósti hafi ekki verið hafðar til hliðsjónar við ritun bréfs dags. 12. apríl sl. Áætlun rekstraraðila gerir ráð fyrir að malbikun lóðar verði lokið í ágúst og girðing verði kláruð í nóvember eða desember. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 31. desember 2016 til að ljúka við frágang á lóð, þ.e. malbikun, olíuskiljur þar sem það á við og girðing til að takmarka aðgang.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 178/2016, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá og er í þessu tilfelli 39.600kr.

Staðfestingu á úrbótum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllt


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur